

Ársskýrsla

Skýrsla formanns Golfklúbbsins Dalbúa starfsárið 2024



Í golfinu ég gleði fann
gáska og engar þrautir.
Oft mig dreymir Dalbúann
og dásamlegar brautir.
Höf. Hjálmar Jónsson

Það gekk bara nokkuð vel hjá okkur á Dalbúa í sumar en vegna mikillar bleytu á vellinum hjá okkur í upphafi sumars frestuðum við opnun vallarins okkar til 31. maí, en þetta árið var það eins og árið á undar þá var þetta 2-3 vikum síðar en áður hefur verið. Það að fresta opnun aðeins reyndist okkur ágætlega inn í sumarið en gestir á vellinum í sumar hrósuðu okkur fyrir ástand vallarins í sumar eins og undanfarin ár. Vallarnefndin, Eyjólfur Óli Jónsson og Anthony Karl Flores stóðu sig mjög vel í því að sinna vellinum eins og undanfarin ár. Nokkuð dróst samt að að ljúka frágangi flata en það var klárað í byrjun júní sem er 5-6 vikum síðar en hefur verið gert.

Eins og árin áður þá vorum við aðeins með rástímaskráningar við lýði en aðilar utan GSÍ skráðu sig í skála þegar komið var að spila en með því að senda inn beiðni fyrirfram vegna skráningar á völinn. Það sama átti við fyrir aðila innan Grafíu, RSÍ, VM og aðila sem hafa keyptu af okkur kort fyrir sumarhús á svæðinu. Í sumar auglýstum við nokkuð með kostuðum auglýsingum á samfélagsmiðlum sem yfirskriftinni „Fallegi Dalbúi“ og „Það er hagkvæmt að vera félagi í Dalbúa“ og náði það að kynna Dalbúa vel.

Félagsmönnum hefur fjölgað nokkuð þetta árið frekar en árið áður þrátt fyrir að aðrir hafi hætt af ýmsum ástæðum en við vorum 161 í lok sumars en við vorum 138 talsins í upphafi sumar. Við þurfum að halda áfram að fá inn nýja féлага en það er ein af forsendum þess að Dalbúi haldi áfram að vaxa og dafna.

Þann 18. maí vorum við með vinnudag hjá klúbbum. Mæting var að venju góð þar sem félagsmenn tóku til hendinni. Glompur voru hreinsaðar, vökvunargræjum var komið fyrir, tré gróðursett og bekkir lagaðir, svo eitthvað sé nefnt. Helgina áður mættu svo nokkrir vaskir félagar og gerðu skálann kláran fyrir sumarið.

Í haust fengum við verktaka til þess að gata hjá okkur flatirnar eins og áður hefur verið gert. Veðurfarið sumarið 2024 var frekar vætusamt og hitastig í lægri kantinum. Heilt yfir má segja að völlurinn okkar hafi þó verið í mjög þokkalegu standi í sumar.

Umfangsmestu úrbótaverkefni sem unnin voru þetta sumarið var að við tókum í notkun tvo slátturróbóta ásamt GPS leiðréttingarstöð í byrjun sumars til þess að aðstoða við sláttur á 1. og 9. braut. Búið er að setja í jörðu rafmagnsstreng til þess að halda áfram með róbótavæðinguna en við höfum sömuleiði bætt við okkur þriðja róbótinum sem er nokkuð stærri en hinir tveir og nær að slá stærra svæði. Einnig var tjörnin okkar og gosbrunnurinn kláraður alveg og lögð var lokahönd á salernisaðstöðuna úti á velli og gamli kamarinn sem hefur verið var fjarlægður.

Þegar litið er yfir vélakost Dalbúa þá er hann í þokkalegu standi en keyptur var inn nýr sanddreifari og sáningarvél. Vallarnefnd leggur til að gott væri að fá inn flatar valtara. Eins leggja þeim til að að endurnýja tækjakost tímanlega til þess að tryggja öruggan rekstur vallarins.

Ekki tókst að hefja uppsetningu vökvunarbúnaðar eins og átti að klára í sumar en það bíður næsta árs. Vallarnefnd er með það verkefni í góðum undirbúningi.

Við munum þurfa að ráða inn slátturfólk fyrir sumarið reiknum við með því að þeir aðilar verði á forræði stjórnar og vallarnefndar. Róbótavæðingingin er að einfalda margt vegna umhirðu á vellinum.

Katrín Erla Kjartansdóttir og Sigga Dóra Matthíasdóttir stóðu vaktina í skálanum hjá okkur þetta sumarið og sinntu starfinu með miklum ágætum. Þær tóku brosandí á móti kylfingum eftir golfhring og buðu upp á kaffi og veitingar og eða eitthvað kalt til þess að kæla sig. Við þökkum þeim kærlega fyrir þeirra góða framlag.

Ný húsgögn voru keypt í skálann hjá okkur í byrjun sumars. Það var gott og þarft framtak. Við endurnýjuðum einnig uppþvottavélina í skálanum í sumar en sú eldri gaf upp öndina þannig að við þurftum að bregðast hratt við en góðir félagar okkar sóttu nýju vélina og komu henni austur innan dagsins. Vélin var fengin í gegnum einn af samstarfsaðilum okkar.

Formaður og varaformaður hafa um nokkuð skeið verið í sambandi við aðildarfélagin vegna stækkunar á aðstöðunni okkar en það þarf að bæta aðstöðuna hjá okkur við skálann og verður farið nánar yfir það hér undir önnur mál á eftir. Það þarf nauðsynlega að bæta skálann hjá okkur.

Golfmót sumarsins voru sjö þetta sumarið og heppnuðust þau öll mjög vel og var góð þátttaka í þeim öllum. Í nokkrum af mótunum þurfti að ræsa tvöfalt upp á nokkrum teigum. Í öllum mótum var rafræn skráning á skori sem mæltist mjög vel fyrir. Það fyrirkomulag auðveldaði mjög uppgjör á mótunum.

Við bættum svo við hjá okkur Dalbúabikarnum sem er 12 holu útsláttarkeppni með fullri forgjöf. Mjög skemmtileg viðbót við mótin okkar.

Lokamót Dalbúa var sett upp sem bændaglíma og enduðum við mótið og starfsárið með grillveisu þar sem maður var manns gaman. Í skýrslu mótanefndar eru nánari upplýsingar um mót sumarsins.

Í ágúst sendum við karlalið á Íslandsmót golfklúbba 5. deild á Höfn í Hornafirði. Okkar fulltrúar þar voru Eyjólfur Óli Jónsson, Anthony Karl Flores, Júlíus Pálsson, Magnús Gautur Gíslason og Oddgeir Sæmundsson. Sæmundur Árnason fylgdi með sem klappstýra þeir félagarnir voru okkur til mikils sóma. Á næsta ári verður þetta hjá okkur hérna á Dabúanum þannig að þá munum við keppa á heimavelli. Dagsetningin er 15. – 17. ágúst.

15 og 16 júní buðum við upp á golfkennslu á vellinum hjá okkur og var það mjög vel sótt. Örn Ólafsson golfkennari sá um kennsluna og fór hann yfir pútt, járnin,

stutta spilið og vipp á námskeiðinu. Við munum klárlega halda áfram með þetta þetta síðar en mikil ánægja var með þetta framtak.

Anna Helgadóttir ritarinn okkar sá um að gera allar auglýsingar fyrir viðburðina hjá okkur og voru þær allar sérlega glæsilegar og á hún bestu þakkir skildar fyrir það framlag. Öll mót og viðburðir voru auglýstir með kostuðum auglýsingum á samfélagsmiðlum. Við tókum í notkun aðra facebook síðu þar sem félagar og gestir geta sett inn efni. Eldri síðan er það sem kallað er like síða. Við buðum upp á sérmerktar golfvörur sem eru peysur, golfboltar, handklæði, derhúfur, húfur og tí. Þetta hefur mælst vel fyrir.

Fulltrúi frá okkur mætti á aðalfund HSK.

Það bættist við hjá okkur einn vinavöllur í sumar, Golfklúbbur Bolungarvíkur.

Við höfum brugðist við hlutum sem fram kom vegna skoðanakönnunar sem við kynntum á síðasta aðalfundi. Golfklúbburinn er núna skráður á já.is með símanúmer, við höfum lagað aðeins til þannig að aðkoman að golfvöllinum er betri og við lækkuðum verð á veitingum í skálanum bæði fyrir félagsmenn og utanað komandi. Við munum halda áfram að bregðast við því sem kom fram í skoðanakönnunni næstu misserin.

Í sumar þá rákum við okkur á það í lok sumars að vegna villu í golfbox þá hafa einhverjir vinavöllir verið að borga of lítið hjá okkur. Þetta er eitthvað sem við þurfum að laga og tryggja að gerist ekki aftur.

Sótt var um styrk frá Íþróttasjóði vegna róbótavæðingarinnar hjá okkur. Reiknað er með að svar liggi fyrir um það núna í desember.

Við sömdum við Endurskoðun VSK ehf um það að færa bókhaldið fyrir GD. Það einfaldar nokkuð starf gjaldkera.

Við heiðruðum Sæmund Árnason og Jón Þorbjörn Hilmarsson á styrktaramóti Danco og Dalbúa en 30 ár eru síðan þeir gengu frá því að við erum með golfvöllinn í Miðdalnum. Sæmundur var þar með smá tölu og sagði frá því hvernig þetta hefði gengið til.

Páll Ólafsson fyrrum formaður Golfklúbbsins Dalbúa féll frá á árinu en hann sinnti formennsku frá 2008 – 2017. Hann var einn af stórhuga félögum sem stofnuðu Golfklúbbinn Dalbúa. Við flögguðum í hálfu stöng fyrir hann á útfarardaginn hans og við minntumst hans á okkar miðlum.

Stjórn Dalbúa og helstu nefndir 2024:

Stjórn:

Gísli B. Ívarsson, formaður

Ásbjörn Sveinbjörnsson, varaformaður

Helga Kristín Sæbjörnsdóttir, gjaldkeri

Anna Helgadóttir, ritari

Guðbjörg Ingólfssdóttir, meðstjórnandi

Bryndís Scheving, varamaður

Helgi Einarsson, varamaður

Mótanefnd:

Guðbjörg Ingólfssdóttir, formaður

Björg Benediktsdóttir

Klara Lía Hervaldsdóttir

Guðmundur Hauksson

Júlíus Pálsson

Magnús Gautur Gíslason

Vallarnefnd:

Haraldur Ólafsson, formaður

Eyjólfur Óli Jónsson

Logi Knútsson

Snæbjörn Stefánsson

Guðni K. Elíasson

Forgjafanefnd:

Ásbjörn Sveinbjörnsson

Guðmundur Hauksson

Húsnefnd:

Gísli B. Ívarsson

Bryndís Scheving

Eyjólfur Óli Jónsson

Þorkell Svarfdal Hilmarsson

Hrönn Jónsdóttir

Guðni Gunnarsson

Aganefnd:

Ásbjörn Sveinbjörnsson

Guðmundur Hauksson

Umsjón með vefsíðu:

Gísli B. Ívarsson

Hér á eftir verður gerð grein fyrir fjármálum klúbbsins á nýliðnu starfsári en í stuttu máli þá má segja að reksturinn hafi verið í góðu jafnvægi líkt og síðustu ár.

Að lokum þá vil ég þakka stjórn og nefndarmönnum fyrir gott samstarf á þessu starfsári. Einnig vil ég þakka öllum félögum í Dalbúa fyrir góð og skemmtileg samskipti og hvet ég ykkur áfram til þess að vera í sambandi ef eitthvað er.

Ég vil einnig þakka vallarnefnd, Eyjólfir og Anthony fyrir það að halda vellinum eins vel og hægt var en það getur verið krefjandi og stundum hafa dagarnir verið langir hjá þeim. Eins þá vil ég þakka Katrínu og Sigu Dóru fyrir þeirra

framlag í skálanum í sumar en nokkrar helgar voru mjög stórar og krefjandi að vera alltaf til staðar. Alltaf tóku þær á móti öllum með bros á vör og hlýlegu viðmóti.

Samstarfs- og styrktaraðilum okkar, Grafíu, Rafiðnaðarsambandi Íslands og Félagi Vélstjóra og málmtæknimanna færum við bestu þakkir fyrir stuðning þeirra. Hann er ómetanlegur nú sem fyrr. Einnig vil ég þakka Laugarvatni Fontana, Samkaupum, Danco, Heimilistækjum, Ölgerðinni og Föndru fjölskyldunni fyrir þeirra framlag og öllum þeim öðrum sem hafa styrkt klúbbinn á einn eða annan hátt á liðnu sumri.

Gísli B. Ívarsson, formaður Golfklúbbsins Dalbúa

2024

Vallarnefnd Dalbúa



Haraldur Ólafsson
Snæbjörn Stefánsson
Eyjólfur Óli Jónsson
Logi Knútsson
Guðni Elíasson

10/3/2024

Efnisyfirlit

Völlurinn	2
Sláttur	2
Til framtíðar	3
Vélaostur	3
Lokaorð	3

Völlurinn

Völlurinn kom í heild sinni vel undan vetri. Engar kalskemmdir voru eftir veturinn og völlurinn almennt í góðu standi.

18. maí skipulagði vallarnefndin vinnudag. Góður hópur félagsmanna mætti og tók til hendinni. Glompur hreinsaðar, vökvunargræjum komið fyrir, tré gróðursett o.s. frv. Næstu daga á eftir var unnið við frágang flata og teiga fyrir opnun vallarins. Völlurinn var síðan opnaður fyrir félagsmenn 31.maí en völlurinn var þá mjög blautur og félagsmenn hvattir til að taka tillit til þess.

Veðurfarið sumarið 2024 var heilt yfir vætusamt og hitastig í lægri kantinum. Almennt spretta var í meðallagi. Nokkuð dróst að klára lokafrágang flata en honum lauk með fyrstu sáningu og sandburði 2.júlí sem er um 5-6 vikum seinna en undanfarin ár.

Heilt yfir má segja að völlurinn hafi verið í mjög þokkalegu standi þetta sumarið.

Sláttur

2024 var útfærsla sláttar með svipuðum hætti og árin á undan en sú útfærsla var þróuð með tilliti til ábendinga frá notendum vallarins. Eyjólfur Óli stýrði umhirðu vallarins líkt og undanfarin ár.

Flatarmál þess svæðis sem er að jafnaði slegið var mælt lauslega. Mælingin var framkvæmd eftir loftmynd, en samkvæmt mælingunni er slegið svæði sumarið 2024 nálægt 12,8 ha.

Brautir	46.600	m2
Kargi	67.990	m2
Teigar	1.225	m2
Flatir	3.850	m2
Æfingasvæði	8.160	m2
	127.825	m2

Vinnustundir við slátt (skv. tímamælum sláttuvéla)		
	2023	2024
Brautir	607 klst	498 klst
Kargi	341 klst	208 klst
Flatir	86 klst	81 klst
Samtals	1034 klst	787 klst

Ef borinn er saman rekstrarkostnaður árin 2018-2024 á hvern ha. vallarins sem sleginn er að jafnaði má greina að kostnaðurinn (véla viðhald, varahlutir, eldsneyti, fræ, áburður, sandur o.frv.) er að einhverju leiti breytilegur milli ára.

	slegnir ha.	heildarkostnaður	verð pr. ha
2018	11,2	2.175.233 ISK	194.217 ISK
2019	12,8	2.550.051 ISK	199.223 ISK
2020	12,8	2.007.439 ISK	156.831 ISK
2021	12,8	1.599.021 ISK	124.923 IKR
2022	12,8	2.410.897 IKR	188.351 IKR
2023	12,8	2.919.121 IKR	228.056 IKR
2024	12,8	?	?

*tölur úr rekstrarreikningi Dalbúa

Til framtíðar

Á vormánuðum veitti vallarnefndin stjórn Dalbúa ráðgjöf varðandi úrbótaverkefna sem mætti vinna að á vellinum í náninni framtíð. Farið var yfir verkefnalista frá fyrra ári og hann uppfærður. Stjórn Dalbúa samþykkti að vinna samkvæmt tillögu vallarnefndar. Umfangsmestu úrbótaverkefnin sem unnin voru á árinu voru frágangur í kringum tjörn, lokafrágangur teiga á 1. Og 9. braut, ásamt 1.áfanga í innleiðingu sláttu-róbóta en 2 slíkir voru í rekstri á vellinum þetta sumarið.

Á haustmánuðum var ráðist í lagningu rafstrengs frá skála og að salernishúsi en rafstrengurinn er forsenda þess að raunhæft sé að nota róbóta fyrir slátt á öllum svæðum vallarins.

Til stóð að uppfæra vökvunarkefi vallarins á árinu en það tókst ekki þetta sumarið.

Vélakostur

Keyptir voru 2 nýir róbótar ásamt GPS leiðréttingastöð og voru þeir í rekstri frá 28.maí. Einnig var keyptur nýr sand dreifari og sáningarbúnaður fyrir flatar-sláttvél.

Heilt yfir er vélarkostur GD í þokkalegu standi. Segja má að forsenda þess að sláttur og önnur umhirða vallarins sé í góðu standi er að til staðar sé nauðsynlegur, áreiðanlegur vélarkostur. Árið 2024 var nokkuð hagstætt hvað varðar viðhald véla.

Heilt yfir má segja að Dalbúi sé þokkalega staddur hvað varðar vélar fyrir næsta ár. Varðandi aukinn vélarkost sem til bóta væri að klúbburinn hefði yfir að ráða má helst nefna flatar-valtara.

Nefndin leggur einnig áherslu á mikilvægi þess að huga að endurnýjun vélarkosts tímanlega til að tryggja góðan og öruggan rekstur vallarins.

Á næsta ári stendur til að taka næstu skref í innleiðingu sláttu-róbóta með fjölgun róbóta.

Lokaorð

Að lokum má segja að sumarið 2024 hjá Dalbúa hafi gengið vel þó að segja megi að veðrið hefði mátt vera betra. Margir gestir vallarins höfðu á orði að völlurinn væri skemmtilegur og gaman að heimsækja Dalbúa.

Eins og að framan er getið hafa nokkrar áhugaverðar hugmyndir að úrbótum á vellinum verið til umræðu undanfarin ár. Vallarnefndin vill í því sambandi leggja áherslu á, að þegar kemur að því að forgangsraða verkefnum, sé það ávallt sett í fyrsta forgangi að hafa brautir, teiga og flatir sem eru til staðar í sem bestu standi. Einnig að vélakostur vallarins bjóði upp á að hægt sé að viðhalda góðu ástandi.

f.h. vallarnefndar

Haraldur Ólafsson



GOLFKLÚBBURINN DALBÚI SKÝRSLA MÓTANEFNDAR 2024

Í mótanefnd 2024 voru Guðbjörg Ingólfssdóttir sem formaður, Klara Lís Hervaldsdóttir, Guðmundur Hauksson, Júlíus Pálsson, Magnús Gautur Gíslason og Björg Benediksdóttir.

Sumarið 2024 voru haldin 7 mót á Dalbúa auk bikarkeppni sem var spiluð í sumar. Þau verða talin upp hér fyrir neðan með helstu niðurstöðum. Sjá má nánari upplýsingar inn á Facebooksíðu klúbbsins og eins inn á golfbox.is.

Fyrsta mót sumarsins var Kristalsmót Dalbúa sem var haldið þann 8.júní

Daginn fyrir mót var klúbburinn einmitt að fjárfesta í nýjum húsgögnum í skálann og hittust þar fyrir dugnaðarforkar til þess að setja saman húsgögn og gera klárt. Þar fóru fremst þau Anna og Snæji auk Katrínar, Gísla formanns og fleiri.

40 leikmenn voru skráðir til leiks.

Veðrið var milt og gott.

Mótið var haldið í samstarfi við Ölgerðina eins og áður sem er einn af samstarfsaðilum okkar.

Kept var í punktkeppni karla og kvenna þar sem hámarksförgjöf var 28 fyrir karla og 34 fyrir konur.

Veglegir vinningar voru veittir fyrir fyrstu þrjú sætin bæði í karla- og kvennaflokki í boði Ölgerðarinnar, auk þess sem veitt voru verðlaun fyrir lengsta upphafshögg karla og kvenna á 3. braut og fyrir að vera næst holu í upphafshöggi á 5/14 og 8/17 holum. Einnig var dregið úr skorkortum þeirra sem höfðu ekki unnið til verðlauna.

Úrslit konur:

- 1.sæti – Sveinbjörg Ingvarsdóttir, 36 punktar
- 2.sæti – Anna Svandís Helgadóttir, 34 punktar
- 3.sæti – Jóna Hjálmarsdóttir, 32 punktar

Úrslit karlar:

- 1.sæti – Guðmundur Hauksson, 36 punktar
- 2.sæti – Ólafur Ragnar Ingvarsson, 34 punktar
- 3.sæti – Snæbjörn Stefánsson, 33 punktar



Jónsmessumótið var 21.júní kl:20 og voru spilaðar 9 holur með Greensome fyrirkomulagi. 15 pör/lið tóku þátt.

Jónsmessumót golfklúbbsins Dalbúa og Krambúðarinnar fór fram föstudaginn 21. júní kl. 20:00. Á þessu móti þurftum við regnjakka og regnhlífur partaf kvöldinu en frábært kvöld engu að síður. Leikið var eftir Greensome fyrirkomulagi. Þátttakendum var boðið upp á lambasjót að hætti Júlla eftir mótið og mæltist það vel fyrir.

Úrslit mótsins voru þannig að liðið Sæbjörnsdóttir/Daníelsson parið var í 1. sæti, í 2. sæti voru svo Pétursson/Lýðsdóttir og í 3. sæti voru drengirnir í Benson-liðinu.

Veitt voru verðlaun fyrir lengsta högg á braut 3 og næst holu á 5. og 8.braut. Krambúðin sá um verðlaun fyrir verðlaunasæti og útdráttarverðlaun en Ölgerðin gaf einnig útdráttarvinninga.



Meistaramót Dalbúa dagana 5.-6.júlí

Sú nýbreytni var prufuð í ár, að hafa mótið föstudag og laugardag. Fyrri daginn var ræst út kl: 14 og þann seinni var ræst út kl:10. Þetta mæltist mjög vel fyrir. Meistaramót Dalbúa fór fram í mjög góðu veðri. Leikinn var 2 x 18 höggleikur með og án forgjafar og einnig var bætt við auka flokki þar sem leikin var 2 x 9 holu leikur.

Úrslit í höggleik voru þannig að Anthony Karl Flores var í 1. sæti hjá körlum á 168 höggum og Anna Svandís Helgadóttir í 1. sæti hjá konum á 210 höggum.

Í 2. sæti í höggleik voru svo Oddgeir S Sæmundsson og Margrét Björk Jóhannsdóttir og í 3. sæti urðu svo Arnar Olsen og Ása Þorkelsdóttir.

Í höggleik með forgjöf voru Richard Haukur Sævarsson og Guðbjörg Rós Guðmundsdóttir í 1. sæti, í 2. sæti urðu Árni Benónísson og Bryndís Scheving og í 3. sæti endaði Snæbjörn Stefánsson.

Sú kona sem endaði þar í þriðja sæti vann til verðlaun í meistaraflokki og taldi því ekki þarna líka.

Í auka flokknum, var svo Eiríkur Þorláksson í 1. sæti hjá körlum og Klara Lís Hervaldsdóttir hjá konum, í 2. sæti urðu svo Hafþór Birgisson og Margrét Þorkelsdóttir. Guðbjörg Ingólfssdóttir var í 3. sæti hjá konum en það voru ekki fleiri karlar í þessum flokki.

Lengsta högg karla á 3/12 braut hjá körlum átti Anthony Karl Gregory en hjá konum var það Margrét Jóhannsdóttir.



Meistaramót Dalbúa 2024 5.-6. júlí

Allir ræstir út af 1. teig
5. júlí byrjað að ræsa út kl. 14:00
6. júlí byrjað að ræsa út kl. 10:00

Þrjú flokkar kvenna og karla

Meistaraflokkur

Höggleikur 36 holur 18+18
Þátttökugjald 6.500 kr.

1. flokkur

Punktamót með forgjöf
36 holur 18+18
Þátttökugjald 6.500 kr.

2. flokkur

Punktamót með forgjöf
18 holur 9+9.
Þátttökugjald 5.000 kr.

ATH: Gestum er velkomið að taka þátt ef pláss leyfir en geta ekki unnið til verðlauna.

Nánar á Golfbox



Kvennamót Föndru var haldið laugardaginn 27.júlí.

48 konur voru skráðar til keppni og leiknar voru 9 holur.

Fínasta golfveður þó á tímabili væri útlit fyrir rigningu. Keppendur sluppu þó og rættist ágætlega úr veðrinu.

Leikar fóru svo að í 1. Sæti var Unnur Guðríður Indriðadóttir (Gurrí) með 21 punkt, í 2.sæti var Anna Svandís Helgadóttir, einnig með 21 punkt en verri síðustu 6 og í 3.sæti hafnaði svo Björg R Sigurðardóttir með 19 punkta.

Mótið heppnaðist frábærlega og eftir mót buðu Katrín og Sigga Dóra okkur að kaupa dásamlega kjúklingasúpu sem rann út. Glæsilegir vinningar voru veittir og allt til mikillar fyrirmyndar hjá Föndru.



www.fondra.is

10.ágúst var komið að árlega Fontana mótinu okkar.

Eins og á Föndrumótinu þá var algjört met í þátttöku, en 48 keppendur voru skráðir. Biðlisti myndaðist á mótinu og svo fór að undirrituð og annar félagsmaður viku af lista skráðra þáttakenda fyrir kylfinga sem þráðu fátt meira en að taka þátt í mótinu. Þess má geta að þáttakendur í Fontanamótinu 2023 voru 28 talsins.

Veður var með besta mótinu og kylfingar ánægðir með daginn.

Úrslit urðu eftirfarandi :

Karlar

- 1.sæti Bragi Dór Hafþórsson 37p
- 2.sæti Sigurður Orri Hafþórsson 36p
- 3.sæti Ólafur R Ingvarsson 36p (seinni 9)

Konur

- 1.sæti Elísabet Katrín Benónýsdóttir 39 p
- 2.sæti Anna Svandís Helgadóttir 37p
- 3.sæti Kristín Pétursdóttir 36p

Auk þessara verðlaunasæta voru veitt verðlaun fyrir lengsta teighögg og næst holu eins og vaninn er og eins voru dregnir út fjölmargir vinningar sem styrktaraðlini mótsins, Fontana, lét okkur í té.

Fontanamót Dalbúa
laugardaginn 10. ágúst

Ræst út af öllum teigum kl. 10:00
Þetta er punktamót með forgjöf og leiknar verða 18 holur.

Fjölmargir glæsilegir vinningar frá Fontana Laugarvatni.
Dregið verður úr skorkortum.

Mótsgjald 5.500 kr.

Nánari upplýsingar á golf.is eða í golfskóla Dalbúa í Miðdal.



Dancomót – styrktarmótið var haldið laugardaginn 7. september.

Líkt og úr kvikmyndinni Groundhog day, þá þurfti einnig, eins og í fyrri, að fresta Dancomótinu um viku í ár og aftur var um að ræða 2 manna Texas scramble punktkeppni. 18 holar. 48 leikmenn voru skráðir og veðurguðirnir voru í hinu besta skapi.

Allur ágóði af mótinu rann til uppbyggingar á vellinum í Miðdal og til að styrkja starfsemi klúbbsins okkar.

Skemmtilegt er að segja frá því að þrír ættliðir spiluðu saman í holti í mótinu enn og aftur en það eru þeir Sæmundur Árnason, Oddgeir Sæmundsson, Sindri Snær Oddgeirsson og fylgdi Ragnar Þórisson svo með þeim til þess að fylla holtið. Þessi texti hér fyrir framan stendur óbreyttur frá því árið 2023! :)

Ræst var út tvöfalt á braut 3,6 og 7 og gekk það vel og rennsli gott.

Úrslitið voru spennandi og fóru sem hér segir:

1. sæti. „Sliceguys“ (Guðmundur Hauksson & Ólafur R Ingvarsson) – 44 p – betri seinni 9

2. sæti. „LOKSINS“ (Haukur Hreinsson & Auður Róseyjardóttir) – 44P

3. sæti. „Tvær í bandi“ (Elisabet K Benónýs & Eypór Sigurðsson – 43p

Veitt voru verðlaun fyrir lengsta upphafshögg á 3.braut og næst holu á par 3 brautum.

Í lokin var svo dregið úr nöfnum þeirra sem ekki höfðu unnið til verðlauna um veglegra vinninga.



Styrktarmót Dalbúa og DANCO

laugardaginn 31. ágúst

Stórskemmtilegt 18 holu mót með glæsilegum verðlaunum í boði DANCO heildverslunar. Leikformið er Texas Scramble og ræst verður út á öllum teigum kl. 10:00.

Góð verðlaun í boði DANCO heildverslunar, en auk þess verða veitt verðlaun fyrir lengsta teighögg karla og kvenna á 3/12 braut og fyrir upphafshögg næst holu á par 3. brautum vallarins. Einnig verða vinningar dregnir úr skorkortum keppenda sem ekki hafa unnið til verðlauna.

Allur ágóði af mótinu rann til uppbyggingar á vellinum í Miðdal og til að styrkja starfsemi klúbbsins.

Þátttökugjald 6.500 kr.

Skráning á Golfbox lýkur 30. ágúst kl 20:00.
Nánari upplýsingar á
golf.is eða í golfskála Dalbúa í Miðdal

Lokamót ársins, Bændaglíman, var haldið 21. september og var í ár ræst út af öllum teigum kl 15:00

Keppt var í 2 manna Texas Scramble og spilaðar 9 holur líkt og við neyddumst til þess að gera í fyrri, en ákveðið var að þegar komið er undir lok september, þá sé allra veðra von og bara alveg passlegt að loka árinu með stuttu og skemmtilegu móti.

Bændur voru í ár, Gísli Ívarsson formaður Dalbúa (bláa liðið) og svo Bryndís Scheving fyrrverandi formaður Dalbúa (rauða liðið) Eftir æsispennandi keppni og skemmtilegan dag, þá enduðu leikmenn í rauða liðinu sem sigurvearar dagsins.

Eftir mót sá Júlíus Pálsson (mótanefnd) og aðstoðarfólk lambalæri ásamt öllu meðlæti sem var frábært. Dregið var svo úr öllum skorkortum en við náðum að safna saman fjölmörgum glæsilegum vinningum frá styrktaraðilum og félögum og því fengu allir vinning og rúmlega það.



BÆNDA glíman Félags- og lokamót Dalbúa
21. september

Mæting kl 14:00
Ræst út af öllum teigum kl 15:00.

Blásum til Bændaglímu.
Spilaðar verða 9 holur - Texas Scramble.
Skipt er í tvö lið og fyrri liðanna eru svokallaðir bændur.
Liðin verða tilkynnt klukkan 22:00 föstudaginn 20. september.

Mætum í **rauðu** og eftir því hvernig lið verða valin – póstur varðandi það sendur út kvöldinu áður.

Við endum daginn á flottri grillveislu í skálanum okkar þar sem verður tilboð á einhverjum veigum hjá Katrinu og Sigu Döru. Þáttkugjald 6.800 kró. matur innifalinn.

Skráning Golfbox lýkur 20. september kl. 18.00



Bikarkeppni Dalbúa 2024 !

Í sumar var blásið til Bikarkeppni félagsmanna í fyrsta sinn og spilað er um glæsilegan farandbikar sem þó er hýstur í skálanum okkar.


Leikfyrirkomulagið var "Fjórleikur – holukeppni" í 2 manna liðum.

Júlíus Pálsson og Magnús Gautur sáu um utanumhald, dómgæslu og framkvæmd á þessari fyrstu Bikarmótaröð okkar og kunnum við þeim kærar þakkir fyrir.

10 lið skráðu sig til keppni og dregið var um liðin sem kepptu í hvert sinn.

Eftir æsispennandi keppni í sumar, sem má lesa nánar um í Facebook Dalbúa (www.facebook.com/groups/dalbui/) þá stóðu piltarnir í ÞÓRMUNDI (Guðmundur Hauksson og Þórður Heiðar Jónsson) uppi sem fyrstu bikarmeistarar Dalbúa og stefna eftir því sem undirrituð hefur frétt, á endurkomu sumarið 2025 þar sem á að verja titilinn.

Upp hafa einnig komið hugmyndir um að verðlaun fyrir bestu liðsbúningana verði veitt.



Dalbúabikarinn 2024 1. umferð					
	Lið		Lið		
Leikur 1	Davíðsson / Ægisdóttir	Forgjaf	Ragnar & Sólrún	Forgjaf	Úrslit
7/7 2024	Jón Oddur Davíðsson Eva Guðrún Ægisdóttir		Sólrún W Kambar Ragnar Örn Stefánsson		
Leikur 2	Snæðis	Forgjaf	New team	Forgjaf	Úrslit
7/7 2024	Anna Svavels Helgadóttir Sæbjörn Stefánsson		Bjarni Daniel Danielsen Helga Kristín Sæbjörnsdóttir		
Leikur 3	Þorbjörg	Forgjaf	Lada sport	Forgjaf	Úrslit
7/7 2024	Guðbjörg Ingvars Ingólfssdóttir Þórður Heiðar Jónsson		Magnús Gautur Gíslason Júlíus Símon Pálsson		
Leikur 4	Guðni og Valgerður	Forgjaf	Sæmundsson/Árason	Forgjaf	Úrslit
7/7 2024	Guðni Kristinn Elíasson Valgerður Sveinbjörnsdóttir		Ódýgeir Sæmundur Sæmundsson Sæmundur Guðni Árason		
Leikur 5	Uppsáir	Forgjaf	Baby Tigers	Forgjaf	Úrslit
7/7 2024	Klara Lís Herra Altsdóttir Gísli Bergveinn Jónsson		Þórunn Björk Davíðsdóttir Hjáltefur Kristjánsson		

Mótanefnd vill þakka Önnu Svavelsi sérstaklega fyrir frábæra vinnu við að sjá um allar auglýsingar móta klúbbsins ótulllega í ár eins og áður. Takk !

11. desember 2024
F.H. Mótanefndar,
Guðbjörg Ingvars Ingólfssdóttir
Formaður